

Þriðjudaginn 11. apríl 1995.

Nr. 30/1995.

Ákærvaldið(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**X**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Nauðgun. Húsbrot. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði óskaði áfrýjunar máls þessa, og með stefnu 11. nóvember 1994 áfrýjaði ríkissaksóknari einnig málinu af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingu og greiðslu skaðabóta samkvæmt upphaflegri kröfu kæranda.

Ákærði krefst aðallega sýknu af ákæru um brot á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara, að refsing verði milduð.

Fyrir Hæstarétti hefur ekki verið sýnt fram á nokkuð, sem veikir mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi í máli þessu. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota til refsí-
ákvæða. Þá er ákvæði dómsins um skaðabætur staðfest.

Hins vegar þykir með vísun til þess, að atlega ákærða var gerð í viðurvist barna hans og kæranda, ekki hjá því komist að þyngja þá refsingu, sem honum var ákveðin í héraðsdómi. Þykir hún með skírskotun til forsendna refsíákvörðunar í hinum áfrýjaða dómi hæfilega ákveðin tveggja ára fangelsi.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, eins og hann er nánar ákveðinn í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti tveggja ára fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkisjöld, 50.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. nóvember 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 3. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-612/1994: Ákærvaldið gegn X, en málið var dómtekið 17. október sl.

Málið er höfðað á hendur X [f. 1957] með tveimur ákæruskjölum, og voru málin sameinuð, sbr. 24. gr. laga nr. 19/1991.

Fyrri ákæra er frá 15. september 1994, og er þar ákært „fyrir nauðgun með því að hafa sunnudaginn 17. apríl 1994 með ofbeldi þröngvað eigin konu sinni, Y, fæddri árið 1962, sem hann hafði skilið við að borði og sæng, til holdlegs samræðis á heimili hennar að [...] í Reykjavík.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Í málinu krefst Y þess, að ákærði verið dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 800.000 kr., auk dráttarvaxta frá 26. apríl 1994 til greiðsludags“.

Síðari ákæra er frá 4. október 1994, og er þar ákært „fyrir húsbrot með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 24. júlí 1994 ruðst í heimildarleysi inn í íbúð á 1. hæð hússins nr. 64 við Hverfisgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Í málinu krefst Bjarni Georgsson, kt. 120340-6199, Hverfisgötu 64, Reykjavík, skaðabóta úr hendi ákærða, 26.000 króna.

— — —

Málavextir.

Ákæra, dagsett 15. september 1994.

Upphaf máls þessa má rekja til þess, að lögregla var send að ... hér í borg 17. apríl sl. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu hringdi H í lögregluna og greindi frá því, að fyrrverandi eiginmaður Y, ákærði í máli þessu, hefði svarað í símann á heimili hennar, er H hringdi þangað þennan dag, og hefði hann skellt á, eftir að hann hafði haft í hótunum við H. H kvaðst þá hafa hringt aftur og reynt að ná tali af Y, en enginn svarað og hún þá haft áhyggjur af Y og að ekki væri allt með felldu hjá henni og hún gæti ekki hringt á lögreglu til að vísa ákærða út úr íbúðinni. Er lögreglan kom á vett-

vang, kom ákærði til dyra og var samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar fremur viðskotaillur og neitaði að hleypta lögreglunni inn í íbúðina. Skömmu síðar hafi Y komið fram og hún óskað eftir því lágum rómi, svo að ákærði heyrði ekki, að ákærða yrði vísað úr húsinu. Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar var Y mjög hrædd og niður brotin. Jafnframt hefðu verið þarna á vettvangi tvö börn og yngra barnið virst hrætt og grátbólgið að sjá. Eftir þetta hefði ákærði hringt og síðar farið á brott í leigubifreið. Y greindi lögreglunni frá því, að hún hefði opnað dyrnar, er ákærði barði að dyrum, en hún hefði talið ákærða úti á landi. Ákærði hefði komið inn í íbúðina óvelkominn. Lögreglan hvarf síðan af vettvangi, eftir að Y kvaðst ekki þurfa á frekari aðstoð að halda.

Kl. 23.10 að kvöldi 17. apríl sl. kom Y í neyðarmóttöku vegna nauðgunar og hafði þá tekið ákvörðun um að kæra nauðgun. Verður vikið síðar að læknisskoðun þeirri, sem þar fór fram.

Ákærði var handtekinn að kvöldi 25. apríl sl. vegna nauðgunarkærunnar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu í tvígang 26. apríl sl., og verður framburður hans þar nú rakinn.

Ákærði kvaðst hafa komið á heimili fyrrverandi eiginkonu sinnar, Y, 17. apríl sl., en þau Y hefðu skilið að borði og sæng á sl. ári, en ákærði kvaðst ekki hafa búið hjá Y frá því í janúar-febrúar sl. Hann kvað Y hafa hleypt sér inn. Hann kvaðst hafa sest í sófa við hlið Y og tekið að láta vel að henni og haldið utan um hana. Hann kvað hafa vakað fyrir sér að hafa kynmök við Y og hún ekki haft á móti því, en haft orð á því, að þau skyldu fara inn í svefnherbergi, en þetta hafi gerst, eftir að sonur þeirra, sem sofið hafði í stofunni, vaknaði. Hann kvaðst hafa byrjað að toga buxur niður um Y, á meðan hún var í sófanum í stofunni, og síðan haft samfarir við hana inni í svefnherberginu með hennar vilja. Stuttu eftir að samförunum lauk, hefði lögregla komið á vettvang og hann skömmu síðar farið á brott, þar sem Y hefði viljað, að hann færi.

Pegar hér var komið í skýrslutöku yfir ákærða, var honum kynnt skýrsla Y, en sú skýrsla verður rakin síðar.

Ákærði kvað skýrslu Y í fyrstu hreinan uppspuna. Eftir að ákærði hafði rætt við réttargæslumann sinn, kvaðst hann vilja breyta framburði sínum og gefa frekari skýrslu. Þá sagði hann skýrslu Y af atburðum rétta. Hann kvaðst hafa gert sér grein fyrir því, að hann beitti Y valdi, og kvaðst harma, að sonur þeirra hefði orðið vitni að því, sem fram fór. Ákærði kvaðst hafa leitt Y inn í svefnherbergi, eftir að sonur þeirra vaknaði, og þar inni hefði hann haft samfarir við Y og felld sæði til hennar.

Ákærði gaf aðra skýrslu sama dag, þ. e. 26. apríl sl. Hann kvaðst hafa

komið til Reykjavíkur frá Patreksfirði 17. apríl sl. og verið undir áhrifum áfengis. Hefði hann farið á heimili Y, sem hefði hleypt sér inn. Þegar inn í stofu var komið, kvaðst hann hafa tekið að láta vel að Y, sem hefði virst því mótfallin, en hann kvaðst hafa farið fram á það að hafa við hana samfarir í síðasta sinn. Þetta hefði Y ekki viljað og hann þá gerst ágengur við hana og beitt hana valdi við að færa hana úr buxunum. En er hann hefði fært Y úr, hefði sonur þeirra vaknað, en hann hefði sofið í stofunni. Hefði Y þá viljað fara inn í svefnherbergi, sem hefði verið gert. Hann kvað rétt, sem Y greindi frá í skýrslu sinni, að hann hefði látið vel að Y, lagt hana í sófann og fært úr buxum gegn vilja hennar, en hann kvaðst ekki muna eftir því, að Y hefði reynt að halda buxunum upp um sig. Hann taldi líklegt, að hann hefði tekið í hönd Y og dregið hana frekar en leitt inn í svefnherbergi. Eftir að komið var í svefnherbergið, hefðu bæði börn þeirra vaknað og komið þar inn og sonur þeirra beðið ákærða að láta móður sína í friði og hætta þessu, en hann kvaðst ekki hafa orðið við þeirri bón. Inni í svefnherberginu hefði hann þvingað sundur fætur Y og haft við hana samfarir og orðið sáðlát. Hann kvaðst ekki hafa afklæðst, heldur tekið niður um sig buxur. Hann kvaðst ekki muna, að til átaka hefði komið, en kvaðst þó muna eftir Y grátandi inni í svefnherberginu. Eftir þetta kvaðst hann hafa tekið til við að yfirheyra son sinn um hluti, sem Y greindi frá í sinni skýrslu hjá lögreglu.

Ákærði kom fyrir dóminn 5. og 17. október sl. og neitaði þá sök. Kvað hann Y hafa hleypt sér inn á heimili sitt 17. apríl sl., en hann hefði komið þangað í því skyni að ræða við Y og hitta börn sín. Hann kvaðst hafa haft orð á því við Y að hafa við hana samfarir í síðasta sinn og það orðið úr með fullu samþykki hennar. Þetta hefði gerst eftir að ákærði hefði látið vel að Y og hún ekki virst því mótfallin. Hann lýsti efnislega á sama veg og áður því, er börn þeirra vöknuðu.

Ákærði kvað ástæður breytts framburðar vera þær, að við skýrslutöku hjá lögreglu hefði hann verið frekar illa fyrirhallaður og fengið áfall, er skýrsla Y var lesin. Hann kvaðst hafa reynt að líkja eins mikið eftir skýrslu Y og hann gat og reynt að láta skýrslu sína ganga upp miðað við skýrslu Y. Þá kvað hann hafa verið haft orð á því við sig, að hann kynni að lenda í gæsluvarðhaldi. Hann kvaðst ekki muna, hvort réttargæslumaður sinn hefði greint sér frá því, að ákærði kynni að lenda í gæsluvarðhaldi, ef hann lýsti skýrslu Y ranga, en hann kvað sér aldrei hafa dottið annað í hug en Y myndi breyta og draga framburð sinn til baka og ákærði gefið sína skýrslu í ljósi þess.

Ákærði kvaðst aldrei hafa hugleitt það að gefa rétta skýrslu hjá lögreglu eftir rannsókn málsins, en hann kvaðst hafa viljað, að Y leiðrétti sinn framburð.

Y gaf skýrslu hjá lögreglu 18. apríl sl.

Y kvaðst hafa lagt sig ásamt börnum sínum, tveggja og fjögurra ára, eftir hádegi 17. apríl sl. Hún kvaðst hafa talið ákærða staddan úti á landi, þar sem hann hefði hringt í sig 16. s. m. og hefði þá verið staddur á Patreksfirði. Hún kvað dyrabjöllu hafa verið hringt eftir hádegi 17. apríl og hún farið til dyra. Hefði þá ákærði verið þar fyrir með ferðatösku meðferðis. Hefði hann gengið inn og spurt um börnin. Y kvaðst hafa sest í sófa í stofunni og ákærði sest við hlið sér og spurt, hvort hún vildi vera með sér í síðasta skipti. Hún kvaðst hafa sagt ákærða, að þau hefðu þegar verið saman í síðasta skipti, og hann þá reynt að strjúka sig, en hún reynt að vera róleg og ýtt honum rólega frá sér. Hún kvaðst ávallt hafa reynt að æsa ákærða ekki upp, þar sem hún hefði þá getað búist við öllu frá honum. Y kvað ákærða hafa tekið um axlir sér, er hún var að reyna að ýta honum frá sér, en hann lagt hana í sófann og tekið að reyna að káfa á sér. Þá hefði ákærði farið að reyna að rífa sig úr buxunum, sem hafi tekist, þrátt fyrir það að hún hefði reynt að halda buxunum uppi um sig. Hún kvaðst þá hafa reynt að ýta ákærða frá sér og farið að gráta og beðið ákærða að gera þetta ekki. Y kvað háreysti hafa orðið og þau tekist á, og við það hefði sonur þeirra trúlega vaknað og hún séð hann sitjandi í sófanum, er hún átti grátandi í átökum við ákærða. Y kvaðst hafa reynt að verjast og séð son sinn standa nærri sér og hann beðið þabba sinn, ákærða, að meiða sig ekki. Er hér var komið, hefði dóttir þeirra komið grátandi út úr herbergi, þar sem hún hefði sofði. Hún hefði einnig verið hrædd. Y kvaðst nú hafa beðið ákærða að hlífa börnunum og hætta, en hann þá staðið á fætur, togað eða hálfborið sig inn í svefnherbergið og hent sér þar niður í rúm. Hefði sonur þeirra þá komið inn og enn beðið ákærða að meiða hana ekki. Hún kvaðst einungis hafa grátið, á meðan ákærði reyndi að hafa við sig samfarir, og hann líklega haldið höndum sínum fyrir ofan höfuð, en hún reyndi að klemma saman fætur.

Eftir átök, sem hún kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hve lengi stóðu yfir, hefði hún gefist upp og látið ákærða ljúka sér af. Hún kvaðst hafa talið það einu leiðina úr þessu og hún ekki viljað espa ákærða meira upp.

Ákærða hefði fljótlega orðið sáðfall og þá farið ofan af sér og sagt, að það væri leiðinlegt, að þetta hefði þurft að fara svona, og spurt, hvort hún hygðist kæra hann.

Eftir þetta hefði Y læst sig inni á salerni, en ákærði komið þar inn. Hún kvaðst ekki hafa komist út úr húsinu vegna ákærða, en síðan hefði lögreglan komið, svo sem lýst er að framan.

Y kom fyrir dóminn 17. október sl. og staðfesti þá skýrslu sína hjá lögreglu frá 18. apríl sl., sem rakin var að framan.

Framburður Y fyrir dómnum var efnislega á sama veg og hjá lögreglu. Hún kvaðst enga sjáanlega áverka hafa fengið vegna þessa, en hafa verið aum á lærum. Hún kvað öruggt, að ákærða gat ekki dulist, að það, sem fram fór á heimili hennar þennan dag og lýst hefur verið, hefði verið gegn vilja hennar og ekkert getað gefið ákærða tilefni til að halda annað. Hún kvað ákærða hafa komið inn á salernið, þar sem hún hafði læst sig inni, eftir að nauðgunin hafði átt sér stað, og hún verið mjög hrædd við ákærða, sem hefði verið trylltur, og hún ekkert þorað að segja við hann. Y kvað ákærða hafa fylgt sér hvert fótmál og hún ekki getað komist út úr húsinu.

Y staðfesti framburð sinn fyrir dómnum með eiði.

Vitnið H kom fyrir dóminn 17. október sl. H kvaðst hafa hringt í lögregluna 17. apríl sl., vegna þess að hún hefði óttast um Y. Aðdragandinn hefði verið sá, að ákærði hefði marghringt í sig utan af landi aðfaranótt sunnudagsins 17. apríl sl. og hann þá verið að leita að Y. H kvaðst ekki hafa verið heima, en dóttir sín svarað og greint sér frá þessu, er H hringdi heim um nóttina, og þá fengið þau skilaboð að hringja í ákærða til Patreksfjarðar, sem H kvaðst hafa gert, og þá komið í ljós, að hann hefði verið að leita að Y. Daginn eftir, þ. e. 17. apríl, kvað H ákærða hafa hringt í sig og viðhaft hótanir í sinn garð, en síðan skellt á. Eftir þetta kvaðst H hafa hringt í Y og ákærði þá svarað, en skellt á. Hún kvaðst þá hafa hringt aftur, en enginn svarað og hún þá ákveðið að hringja í lögregluna, þar sem hún hefði haft ástæðu til að óttast, að ákærði kynni að vinna Y eitthvert mein.

Vitnið Þorleifur Njáll Ingólfsson lögregluþjónn kom fyrir dóminn 17. apríl sl. Þorleifur staðfesti skýrslu sína, sem rituð var um ferð lögreglunnar að ..., en skýrslan var rakin í upphafi málavaxtalýsingar að framan.

Þorleifur kvað ákærða hafa komið til dyra og verið fremur viðskotailur, en Y hálfpartinn hvíslað, að hún vildi ákærða burt úr húsinu. Hefði ákærða verið vísað á brott. Y hefði ekki fært í tal, að nauðgun hefði átt sér stað fyrr sama dag.

Vitnið Anna Þórhildur Salvardsdóttir læknir kom fyrir dóminn 17. október sl. Anna staðfesti skýrslu, sem hún ritaði eftir skoðun á Y á neyðarmóttöku slysideildar Borgarspítalans, er Y kom þar til skoðunar 17. apríl sl. Við skoðun á Y voru engir ytri sjáanlegir áverkar, en þreifieymsli á lærum. Þá lýsti Anna ástandi Y við skoðunina og nefndi þar, að Y hefði verið þreytuleg, niðurdregin, sýnt einkenni um kreppuviðbrögð, setið í hnipri og vafið um sig teppi, en öll þessi einkenni geti verið einkenni þess aðila, sem hefði orðið fyrir nauðgun. Meðal hinna læknisfræðilegu gagna er lýsing, sem Anna skráði eftir sjúklingnum Y, og er sú lýsing efnislega og í aðalatriðum eins og framburður Y hjá lögreglu og síðar fyrir dómi.

Vitnið Þorsteinn Ragnarsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 17. október sl. Þorsteinn annaðist skýrslutökur þær af ákærða hjá lögreglu, sem raktar voru að framan. Hann kvaðst hafa talið ákærða færan um að gefa skýrslur, enda hefðu skýrslurnar ekki verið teknar ella, og kvaðst hann ekki minnst þess, að réttargæslumaður ákærða, sem hefði verið viðstaddur skýrslutökunna, hefði gert athugasemdir. Aldrei hefði verið nefnt, að ákærði gæti orðið að sæta gæsluvarðhaldi.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 17. október sl. Benedikt kvaðst hafa verið viðstaddur yfirheyrslu yfir ákærða 26. apríl sl. og einnig réttargæslumaður ákærða og ákærði að mati Benedikts verið fær um að gefa skýrslur þennan dag. Gæsluvarðhalds var ekki getið, meðan Benedikt var viðstaddur yfirheyrslu yfir ákærða, enda kvaðst Benedikt ekki hafa annast rannsókn máls þessa, heldur einungis verið viðstaddur skýrslutökuna og ekki vitað, hvort ákærði hefði verið í gæsluvarðhaldi eða ekki.

Auk ofanritaðra voru vitnin Örn Pálmason og Hafþór Magnússon yfirheyrð fyrir dómnum 17. október sl. Ekki þykir ástæða að rekja framburð þeirra.

Ákæra, dagsett 4. október 1994.

Ákærði kom fyrir dómnum 17. október sl. og játaði efni þessarar ákæru þá rétt, og vísast til ákærunnar um fyllri málavaxtalýsingu.

Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og játað hina meintu háttsemi, og staðfesti hann þann framburð sinn fyrir dómnum.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 15. september 1994.

Svo sem rakið var, bar ákærði í fyrstu að hafa haft samfarir við Y með samþykki hennar. Síðar í fyrstu yfirheyrslu breytti ákærði framburði sínum, eftir að hann hafði ráðfært sig við réttargæslumann sinn, og kvað eftir það skýrslu Y af atburðum rétta, og kvaðst ákærði hafa beitt hana valdi. Ákærði bar enn ýtarlegar um atburði síðar sama dag, þ. e. 26. apríl sl., svo sem rakið var, og kvaðst hafa beitt valdi og m. a. þvingað læri Y sundur í því skyni að hafa við hana samfarir. Framburður Y um eymsli á lærum og niðurstæða læknisskoðunar, þar sem segir m. a., að greinileg eymsli hafi verið innan á báðum lærum, styðja framburð ákærða að þessu leyti. Að öðru leyti vísast til málavaxtalýsingar að framan.

Fyrir dómnum breytti ákærði framburði sínum, svo sem rakið var, og tilgreindi þær ástæður fyrir breyttum framburði, að hann hefði verið í uppnámi, þegar skýrslurnar voru teknar. Ekkert í gögnum málsins bendir til annars en ákærði hafi verið fullkomlega fær um að gefa skýrslu 26. apríl sl.,

og báðar skýrslurnar fóru fram að viðstöddum réttargæslumanni ákærða. Þá bar ákærði, að nefnt hefði verið við sig, að hann kynni að lenda í gæsluvarðhaldi, ef hann lýsti skýrslu Y ranga. Ekkert í gögnum málsins styður þessa fullyrðingu ákærða, og telur dómurinn hana alveg úr lausu lofti gripna. Þá kvaðst ákærði hafa gefið skýrsluna í ljósi þess, að hann hefði vonast til þess, að Y myndi breyta og draga sína skýrslu til baka, og ákærði því aldrei hugleitt að gefa rétta skýrslu hjá lögreglu, heldur viljað, að Y leiðrétti sinn framburð.

Dómurinn telur engar vísbendingar vera meðal gagna málsins um annað en eðlilega hafi verið staðið að skýrslutökum af ákærða hjá lögreglu í votta viðurvist og að viðstöddum réttargæslumanni ákærða, en skýrslurnar voru teknar níu dögum eftir atburð þann, sem í ákæru greinir. Dómurinn telur ákærða ekki hafa fært fram haldbær rök fyrir breyttum framburði sínum, og hann er jafnframt í ósamræmi við önnur gögn málsins. Vegna þessa telur dómurinn ekki mark takandi á hinum breytta framburði ákærða fyrir dóm-inum og ástæður þær, sem hann tiltók fyrir breyttum framburði, úr lausu lofti gripnar og engan stuðning fá af gögnum málsins.

Framburður ákærða hjá lögreglu og framburður Y hjá lögreglu og fyrir dómi, sem hún vann eið að, er efnislega á sama veg.

Dómurinn telur þannig sannað með framburði ákærða hjá lögreglu, en gegn neitun hans fyrir dómi, og með framburði Y hjá lögreglu og fyrir dómi, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, m. a. læknisfræðilegum gögnum, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem í ákæru greinir, og er brot ákærða rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákæra, dagsett 4. október 1994.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og er brot ákærða rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hefur frá árinu 1977 hlotið sex refsídóma fyrir skjalafals, þjófnað, nytjastuld og brot gegn umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Þá hefur ákærði frá árinu 1976 gengist undir þrjár dómsáttir fyrir áfengislagabrot, umferðarlagabrot og fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni. Ákærði hlaut síðast refsíðóm í janúar 1986, þá fimm mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár fyrir þjófnað og fíkniefnabrot.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákvörðuð 18 mánaða fangelsi.

Ákærði hefur hafnað bótakröfu Y, en hún krefst 800.000 króna miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta, svo sem greinir í ákæru frá 15. september 1994.

Þar sem ákærði hefur verið fundinn sekur um brot það, sem í ákæru frá 15. september sl. greinir, þykir Y eiga rétt á skaðabótum úr hendi ákærða. Þykja bæturnar hæfilega ákvarðaðar 400.000 kr., og skal fjárhæðin bera dráttarvexti frá 26. apríl 1994 að telja og til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu Bjarna Georgssonar, Hverfisgötu 64, Reykjavík, að fjárhæð 26.000 kr., og er ákærði dæmdur til að greiða Bjarna þá fjárhæð, en vaxta er ekki krafist.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 100.000 kr. í málsvarnarlaun Sigurðar Guðmundssonar héraðsdómslögmanns og sömu fjárhæð í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi saksóknara, flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði Y 400.000 kr. í skaðabætur auk dráttarvaxta frá 26. apríl 1994 að telja og til greiðsludags.

Ákærði greiði Bjarna Georgssyni, kt. 120340-7199, kr. 26.000.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 100.000 kr. saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og 100.000 kr. í málsvarnarlaun verjanda síns, Sigurðar Guðmundssonar héraðsdómslögmanns.